



# SÍMENNTUNARÁÆTLUN ODDEYRARSKÓLA



**Skólaárið 2015 - 2016**



## STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN OG SÍMENNTUN KENNARA

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar- / endurmenntunaráætlun sem er lögð fram á hverju ári.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 / 126 / 102 klukkustundum á ári til símenntunar og undirbúnings kennara og fer fjöldi tíma eftir aldri kennara. Starfsþróun, sem hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

### Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- þætti sem eru nauðsynlegir fyrir skólann
- þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla. Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Endurmenntunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (úr handbók með kjarasamningi bls. 34)

## SÍMENNTUN STARFSMANNA Í ODDEYRARSKÓLA

Endur og símenntun starfsmanna má skipta í tvennt:

- Námskeið og fræðslufundi sem skólastjórnendur ákveða út frá stefnu skólans og forgangsverkefnum.
- Námi og fræðslu sem starfsmaður hefur áhuga á og telur mikilvæga fyrir sig í starfi sínu.

Starfsmönnum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeirri endur- og símenntun sem þeir hafa áhuga á og telja sig þurfa að sækja til að halda sér við í starfi.


Starfsmönnum ber skylda til að sækja þau námskeið og fræðslufundi sem þeim er ætlað, skv. símenntunaráætlun skólans. Þau skulu haldin á starfstíma skóla og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

### Sem símenntun flokkast m.a:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (telst ekki hluti af 150/126/102 tímum sem skráist sem símenntun)
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar
- Sjálfsnám (lestur, myndbönd, netið o.fl.)



## FERLI VIÐ GERÐ SÍMENNTUNARÁÆTLUNAR



## UMBÓTA- OG ÞRÓUNARSTARF, ÁHERSLUR OG MARKMIÐ 2015-2016

### NÝ MENNTASTEFNA – INNLEIÐING Á NÝRRI AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA



Frá því að ný aðalnámskrá kom út hefur verið unnið að innleiðingu hennar. Undanfarið hefur vinna að mestu falist í að innleiða grunnþætti menntunar og mat á lykilhæfni. Unnið hefur verið að nýrri skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólann.

Skólaárið 2015-2016 verður unnið að því að starfa eftir nýrri skólanámskrá, áfram verður unnið með mat á lykilhæfni. Þá verður unnið að innleiðingu nýs hæfnimiðaðs námsmats í samræmi við leiðbeiningar frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

### LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í ODDEYRARSKÓLA

#### TEYMISKENNSLA:

Allir umsjónarkennarar skólans starfa saman teyjum og þar sem við á eru teymi 2 – 3 árganga saman. Teymi funda a.m.k. einu sinni í viku þar sem þau vinna ýmist með verkefni í þeim tilgangi að styrkja teymið eða að sameiginlegum viðfangsefnum vegna kennslu og námsmats. Leitast verður við að styðja við teymisstarfið með fræðslu og samræðu.

#### SAMFELLA Í NÁMI

Undanfarin misseri hafa kennarar sem koma að íslensku annars vegar og stærðfræði hins vegar átt samræðu um nám og kennslu í þessum námsgreinum. Samræðan hefur verið mjög árangursrík og hafa hóparnir hafið vinnu að samfelldum sóknarkvörðum fyrir 1. – 10. bekk í stærðfræði og íslensku. Áfram verður unnið að þessu skólaárið 2015-2016 og einnig stefnt að því að hefja samræðu og vinnu vegna samfelli í öðrum námsgreinum, s.s. náttúrufræði, samfélagsfræði og erlendum tungumálum.



## SKÝR OG SÝNILEG MARKMIÐ – VIÐMIÐ UM ÁRANGUR

Til að stuðla að aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi er nauðsynlegt að skólinn sé með skýr og sýnileg markmið í námi og kennslu. Áfram verður unnið að því að gera markmið skýr og sýnileg og stuðlað að því að nemendur stundi nám sitt út frá markmiðum sem þeir skilja. Þá ætlum við að setja fram viðmið um árangur í formi sóknarkvarða sem nýtast nemendum við að átta sig á stöðu sinni og næstu skrefum í náminu. Sóknarkvarðar eru sætaskiptir skalar eða matskvarðar þar sem viðmið er greint niður í þá þætti sem nemandinn þarf til að ná tókum á í því markmiði sem hann stefnir að. Sóknarkvarðar eru notaðir til að nemendur átti sig betur á hver viðmið námsins eru.

## LEIÐSAGNARMAT Í NÁMI



Ásamt vinnu með skýr og sýnileg markmið og viðmið um árangur er leiðsagnarmat nýtt. Leiðsagnarmat er samofið námsferlinu og miðar að því að styðja nemendur og leiðbeina þeim um hvernig þeir geta náð árangri. Það miðast við að meta framfarir nemenda í námsefninu í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að framkvæma

nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Leitast er við að leiðbeina og veita hverjum nemanda tækifæri til að fylgjast með, íhuga eigið nám á gagnrýnninn hátt og að gera sér grein fyrir næstu skrefum. Þegar fjallað er um leiðsagnarmat í námi er tilgangurinn að bæta nám nemenda og upplýsingar um matið felast í að upplýsa nemendur um framfarir þeirra í námi. Lögð er áhersla á sett námsmarkmið. Þetta er námsmat sem greinir þarfir nemenda og hjálpar þeim að sjá eigin framfarir. Leiðsagnarmat fer fram á meðan námi stendur.

Áhersla verður lögð á það að kennarar fái fræðslu um leiðsagnarmat og eigi um það samræður.

## MARKVISS NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI Í NÁMI OG MATI

Nauðsynlegt er að skólar fylgi að einhverju marki straumum og stefnum í upplýsingatækni. Þar sem upplýsingatækni getur stutt við nám og kennslu er eðlilegt að nýta sér hana. Við skólan er námshópur sem kallaður er UT hópur og hefur hópurinn skoðað mögulegar leiðir til að nýta upplýsingatækni enn frekar í skólstarfinu. Skólinn festi kaup á um 20 spjaldtölvum og er notkun þeirra sífellt að aukast.



Skólárið 2013-2014 hófum við í Oddeyrarskóla að nota umhverfi sem kallast *Google for education*. Allir starfsmenn eru með google aðgang og allir nemendur í 5. – 10. bekk. Umhverfið hefur m.a. verið notað við ritgerðarvinnu, skoðanakannanir, mat á verkefnum, í kynningar o.fl. Við ætlum að halda áfram að þróa nýtingu á þessari tækni og fræðast um hvaða fleiri möguleikar eru í boði. Veturinn 2015 – 2016 munu kennarar efla sig í sömu þáttum og bæta við sig nýrri þekkingu, þ.e. notkun Google umhverfisins, notkun spjaldtölva í skólstarfi auk þess að prófa sig áfram með speglaða kennslu.

## STÆRÐFRÆÐI HJÁ YNGRI NEMENDUM

Kennarar 1. – 3. bekkjar eru að þróa stærðfræðikennslu fyrir yngri nemendur í samstarfi við Þóru Rósu Geirsdóttur ráðgjafa hjá MSHA. Í grófum dráttum gengur aðferðin út á það að auka við hugtakaskilning og rökhusun nemenda með samræðum tal um lausnir að dæmum og ræða um hugtök og fleira. Ýmis stærðfræðihugtök verða skoðuð náið, merking þeirra skráð og hvernig þau eru notuð. Þannig koma nemendur sér upp sérstakri stærðfræðiorðabók. Einnig er mikil áhersla lögð á þrautalausnir, skriflegar og munnlegar.



## LESTUR OG LÆSI

### Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er sú hugmyndafræði sem lögð hefur verið til grundvallar í lestrarkennslu í Oddeyrarskóla frá árinu 2006. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi sem hefur verið mótuð og þróuð við MSHA í samvinnu við skóla á Norðurlandi undir forystu Rósu Eggerstdóttur. Hugmyndafræðin er í anda hugsmíðahyggju sem gengur út á það að nemendur læri með því að byggja ofan á fyrri reynslu og þekkingu. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.



Grunnstoðir byrjendalæsis:

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir
- Merkingarbær viðfangsefni
- Samvinna, nám er félagslegt ferli
- Unnið út frá gæðatexta
- Einstaklingsmiðun
- Nám án aðgreiningar

Allir kennarar sem kenna í 1. – 4. bekk í Oddeyrarskóla fara í tveggja ára nám í Byrjendalæsi. Námið byggir á grunnnámskeiði og smíðjum þar sem kennarar hittast og ræða ákveðna þætti í Byrjendalæsi, miðla af reynslu sinni og læra af öðrum.

### SAMRÆÐUR TIL NÁMS: TÖLUM SAMAN - LÆRUM SAMAN

Skólaárið 2015 – 2016 er unnið markvisst í því að auka samræður í námi nemenda í gegnum þróunarverkefnið Tölum saman – lærum saman sem styrkt er af Sprotasjóði. Í verkefninu njótum við leiðsagnar Hafþórs Guðjónssonar hjá Menntavísindasviði HÍ og Brynhildi Sigurðardóttur skólastjóra Garðaskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er lögð áhersla á að nemendur séu virkir og sjálfstæðir í námi sínu, þeir skapi og miðli en séu ekki eingöngu móttakendur. Vaxandi áhyggjur hafa verið af ósjálfstæði nemenda og líttilli þrautseigju og höfum velt því fyrir okkur hvort skýringuna sé að einhverju leyti að finna í kennsluaðferðunum. Við teljum að með því að auka þátt samræðunnar getum við að mörgu leyti virkjað nemendur okkar betur. Í samræðunni þjálfast nemendur í að rýna til gagns, rökstyðja mál sitt og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Samræðan er góð leið til að skerpa skilning og auka samstarf nemenda. Í skólanum hefur einnig verið unnið að því að auka sjálfstraust nemenda í námi og styrkja sjálfsmynd þeirra með það fyrir augum að bæta námsárangur og líðan. Þetta er m.a. hægt að vinna í gegnum samræður þar sem nemendur átta sig á styrkleikum sínum og eflast í trú á eigin getu. Við erum sannfærð um að auknar og bættar samræður í skólafarfinu nýtist öllum nemendum, óháð þroska og námsframvindu og gagnast í hvaða námsgrein sem er.


#### Markmið verkefnis

- Að kennarar nái valdi á fjölbreyttum leiðum í samræðum við nemendur.
- Að kennarar nýti starfendarannsóknir sem leið til að þróa kennsluhætti sína.
- Að þjálfar hæfni nemenda, með sérstakri áherslu á lykilhæfnipætti aðalnámskrár sem snúa annars vegar að tjáningu og miðlun og hins vegar að skapandi og gagnrýnni hugsun.
- Að samræður verði lykill að því að auka hugtakaskilning í hvaða námsgrein og námsefni sem er.
- Að nemendur nái valdi á að nýta sér samræður í námi sínu.
- Að auka virkni og ábyrgð nemenda í námi.



## LEIÐ TIL LÆSIS

Leið til læsis er stuðningskerfi í lestrarkennslu sem notað er í yngstu bekkjum Oddeyrarskóla. Veturinn 2015-2016 munu kennarar 1. og 2. bekkjar nýta kerfið og svo er ætlunin að það fylgi nemendum upp í 4. bekk. Þeir kennarar sem kenna í 1. og 2. bekk munu sækja námskeið, þar sem farið er í greiningarkerfið og leiðir til úrbóta.



### PALS OG K-PALS

Kennarar í Oddeyrarskóla sóttu námskeið í PALS veturinn 2013 – 2014 og nýta sér þessa aðferð við að efla leshraða og lesskilning nemenda. Aðferðin er notuð í 1. – 7. bekk. Kennarar munu nýta aðferðina áfram og munu eiga samræður um aðferðafræðina í því skyni að auka árangur hennar og ánægju nemenda með að vinna eftir henni.

## SMT – SKÓLAFÆRNI

Oddeyrarskóli vinnur eftir hugmyndafræði SMT skólafærni. Hún felst í heildstæðum stuðningi við jákvæða hegðun nemenda. Í apríl 2014 öðlaðist Oddeyrarskóli SMT sjálfstæði og innleiðingarferli því lokið. SMT hjálpar til við að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, styðja jákvæða hegðun með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart óæskilegri hegðun.



Haldið verður áfram að vinna með „Stöndum saman“ sem er forvarnarkerfi gegn einelti í stuðningi við jákvæða hegðun. Þetta er kennsla á þriggja þrepa viðbragði nemenda við hegðunarvanda. Nemendum er kennt að nota „stopp – gakkstu – segðu frá“ og starfsfólki er leiðbeint með viðbrögð við þessu þriggja þrepa viðbragði og eftirfylgni. Stuðst er við námsefnið „Stöndum saman“ í þýðingu Hrundar Þrándardóttur og Margrétar Birnu Þórarinsdóttur frá 2011.

Nýir starfsmenn fá kynningu á SMT og Stöndum saman í upphafi skólaárs. Starfsmenn skóla fá reglulega endurmenntun í SMT og umfjöllun um kerfið auk þess sem tveimur starfsmönnum er gefinn kostur á að sækja námskeið í PMT grunnmenntun.

## MARKVISS – SÍMENNTUN FYRIR ANNAÐ STARFSFÓLK EN KENNARA

SÍMEY hefur að miklu leyti haldið utan um endurmenntun annarra starfsmanna en kennara í þrjú ár, en upphaf þess var könnun sem starfsmenn svöruðu. Unnin var endurmenntunaráætlun út frá niðurstöðum svara. Markviss er kerfi sem ætlað er að skipuleggja fræðslu, þjálfun og annað sem snýr að uppbyggingu starfsmanna, mæla og meta árangur eftir því sem mögulegt er.



Unnin var áætlun til þriggja ára og er lokaárið nú að fara í hönd. Áherslur á þessu ári snúa að frímínútnagæslu og leikjastjórnun, reiðistjórnun og agastjórnun og loks fengu allir starfsmenn skólans fræðslu um samskipti á vinnustað.



## LEIÐIR VIÐ STARFSÞRÓUN

- Teymi læra saman, þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu.
- Lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti.
- Fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum, skipulagt og undirbúið af stjórnendum eða öðrum sem er fengið það hlutverk.
- Námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir.
- Lestur og kynningar fyrir aðra kennara
- Vettvangsheimsóknir, við munum heimsækja skóla á Reykjavíkursvæðinu auk þess að leita eftir samstarfi / samræðum við aðra skóla í Eyjafirði.

## YFIRLIT YFIR STARFSÞRÓUN OG ENDUMENNTUN Í ODDEYRARSKÓLA 2015 - 2016

| Heiti og viðfangsefni  | Tími            | Fyrir hverja                                       | Umsjón  |
|--|-----------------|--|---|
| <b>Læsisráðstefna grunnskóla Akureyrar:</b><br>Aðalfyrirlestrar og menntabúðir.  | 13. ágúst       | Allir kennarar                                     | Undirbúningshópur ráðstefnu                                 |
| <b>Markviss – símenntun:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Reiðistjórnun og agastjórnun</li><li>• Útileikir og gæsla</li></ul> | 17. – 19. ágúst | Starfsfólk, annað en kennarar                      | SÍMEY og stjórnendur  |
| <b>Samskipti á vinnustað</b>   | 20. ágúst       | Alla starfsmenn                                    | Jóhann Ingi - SÍMEY   |
| <b>Tölum saman – lærum saman:</b> Námskeið   | 14. ágúst 2015  | Allir kennarar                                     | Læsissteymi, Hafþór Guðjónsson og Brynhildur Sigurðardóttir |
| <b>Tölum saman – lærum saman:</b><br>Símenntun og þjálfun. Lestur. Kennarar prófa samræðuáðferðir og meta eigið starf.                   | Allt skólaárið  | Allir kennarar                                     | Læsissteymi   |
| <b>Tölum saman – lærum saman:</b><br>Innanhússþing. Kennarar kynna og ræða framvindu verkefnis.  | 22. apríl 2016  | Allir kennarar                                     | Læsissteymi   |
| <b>Tölum saman – lærum saman:</b> samstarf við Garðaskóla annars vegar og læsissteymi Síðuskóla og Glerárskóla hinsvegar.                | Allt skólaárið  | Læsissteymi og íslenskuennarar á unglíngastigi     | Læsissteymi og Brynhildur Sigurðardóttir.                   |
| <b>SMT skólafærni:</b> námskeið fyrir nýja starfsmenn  | Ágúst 2015      | Nýir starfsmenn                                    | SMT stýrihópur  |
| <b>SMT skólafærni:</b> upprifjun og þjálfun  | Allt skólaárið  | Allir starfsmenn                                   | SMT stýrihópur  |
| <b>SMT skólafærni:</b> PMT grunnnámskeið   | Okt – apríl     | Tveir kennarar                                     | Skólastjóri   |
| <b>Leið til læsis:</b> námskeið  | Ágúst 2015      | Kennarar í 1. bekk og deildarstjóri yngri deildar. | Símenntun HA  |



|   |                                     |                     |                                |
|---|-------------------------------------|---------------------|--------------------------------|
| <b>Upplýsingatækni í skólastarfi:</b> Fræðsla   | Mánaðarleg fræðsla á kennarafundum. | Allir kennarar      | UT teymi                       |
| <b>Upplýsingatækni í skólastarfi:</b><br>Símenntun og þjálfun. Kennarar prófa að nýta upplýsingatækni í skólastarfi og fá stuðning UT teymis.                                       | Allt árið                           | Allir kennarar      | UT teymi                       |
| <b>Teymiskennsla:</b> Lestur og umræður um teymisstarf.   | Allt árið                           | Allir kennarar      | Skólastjórnendur               |
| <b>Vettvangsferð á Reykjavíkursvæðið:</b><br>Leitast verður við að heimsækja skóla sem hafa náð árangri í einhverjum af okkar áhersluefnum s.s. SMT, UT eða samræðum í skólastarfi. | Nóvember 2015                       | Allir starfsmenn    | Skólastjórnendur og ferðnefnd. |
| <b>Starfsþróun stjórnenda:</b> námskeið í Portúgal og gerð símenntunaráætlana og stuðning stjórnenda við starfsþróun kennara.   | Nóvember 2015                       | Kristín og Rannveig | Stjórnendur                    |